



Lundarsel

Glaðir spekingar



Þar er gott að vera sem gleðin býr



Gleði - Friður - Virðing



Lundarskóli

Þar sem okkur líður vel

## *„Leikum og lærum saman“*

Þróunarverkefni í Flúðum, Lundarseli, Pálmholti og  
Lundarskóla 2011-2013

Lokaskýrsla

Hólmfríður Björk Pétursdóttir

Febrúar 2013

## Efnisyfirlit

1	Útdráttur .....	2
2	Þróunarverkefnið Leikum og lærum saman .....	4
2.1	A hluti – Hefðbundið samstarf .....	4
2.1.1	Mat .....	7
2.2	B hluti - Þemaverkefnið .....	7
2.2.1	Framkvæmd .....	8
2.2.2	Þemaverkefnið .....	10
2.2.2.1	<i>Búkolla</i> .....	11
2.2.2.2	<i>Nonni, Á Skipalóni</i> .....	14
2.2.2.3	<i>Bakkabræður</i> .....	16
2.2.3	Mat .....	19
3	Umræða .....	29
4	Lokaorð .....	32

# 1 Útdráttur

Undanfarin ár hafa leikskólarnir Flúðir, Lundarsel og Pálmholt ásamt grunnskólanum Lundarskóla verið að bæta samstarf sitt með það að markmiði að auka gæði starfsins, auðvelda börnunum flutning milli skólastiga og skapa varanleg tengsl milli skólanna. Einn til tveir fulltrúar frá hverjum skóla hittast reglulega yfir vetrarmánuðina og ræða ýmis málefni ásamt því að setja saman samstarfsáætlun milli skólanna. Í þeim hópi er reynt að hafa einn stjórnanda og einn kennara frá hverjum skóla. Eftir að hafa unnið náið saman í tvo vetur sýndu þessir aðilar og fleiri starfsmenn skólanna mikinn áhuga á að festa þessa samstarfsáætlun í sessi og gera enn betur. Þannig varð þróunarverkefnið *Leikum og lærum saman* (LLS) til sem var unnið yfir 20 mánaða tímabil árin 2011-2013.

Þróunarverkefnið snerist fyrst og fremst um að skapa aukna samfellu milli leik- og grunnskóla. Aðalmarkmiðin með verkefninu voru:

- að auðvelda leikskólabörnum flutning yfir í grunnskólann
- að börnin kynntust innbyrðis
- að vinátta sem myndaðist í leikskóla glataðist ekki
- að samræma kennsluáferðir þannig að meiri samfella yrði í námi barnanna frá leikskóla til grunnskóla

Það má segja að þróunarverkefnið hafi verið tvíþætt. Annars vegar er það þróun samstarfs sem skólarnir fjórir hafa verið að byggja upp undanfarin ár. Undir þetta fellur samstarf milli elstu barna leikskólans og 1. og 6. bekkjar Lundarskóla með heimsóknum skóla á milli. Um þetta er fjallað í A hluta. Hins vegar eru það þemavinna milli elsta árgangs leikskólanna og 1. bekkjar, þrjú verkefni alls. Í þemaverkefnunum vinna skólarnir með eina sögu/bók hverju sinni, bæði hver í sínu lagi og svo saman. Fyrsta þemaverkefnið var í október 2011, annað var í mars 2012 og þriðja og síðasta þemaverkefnið var í október 2012. Um þemaverkefnin er fjallað um í B hluta.

Stofnaður var verkefnahópur og stýrihópur fyrir þróunarverkefnið sem snýr að þemavinnunni til að halda utan um vinnuna við þau. Einn kennari úr hverjum skóla var fenginn í verkefnahópinn sem hittist reglulega og fundaði. Verkefnahópurinn sá um að skipuleggja öll þemaverkefnin,

meta og miðla til síns skóla og aðila í stýrihóp. Í verkefnahóp var einn verkefnastjóri sem sá um að halda utan um tímaskráningu, fundargerðir, boðun funda og upplýsingar til aðila í stýrihópi. Verkefnastjóri var einnig ritstjóri lokaskýrslu.

Í báðum hlutum verkefnisins er árangursmat. Tilgangur þess er að bæta skólastarfið, gera kennslu og nám skilvirkara og mæta þannig betur kröfum skólasamfélagsins. Í þróunarverkefninu *Leikum og lærum saman* var tilgangur matsins fyrst og fremst að kanna hvort verkefnið skilaði sér í ánægðari og öruggari börnum við grunnskólabyrjun og hvort ástæða þætti til að halda samvinnu í þessari mynd áfram. Miðað við niðurstöður mats á verkefninu þá er full ástæða til að halda samstarfinu áfram og efla það enn frekar með sameiginlegum þemaverkefnum skólanna. Stjórnendur og kennarar allra skólanna þurfa að finna flöt á að efla þetta samstarf í formi sameiginlegra þemaverkefna því áhugi allra aðila er greinilegur.

## 2 Þróunarverkefnið Leikum og lærum saman

Þróunarverkefnið snerist um að skapa aukna samfellu milli leik- og grunnskóla. Meginmarkmiðið með því var að auðvelda börnum flutning milli leik- og grunnskóla til að stuðla að betri líðan þeirra og námsárangri. Önnur markmið voru:

- að efla félagsleg tengsl elstu nemenda leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans.
- að efla tengsl elstu barna leikskólans við 6. bekk þannig að þau eigi vin/verndara þegar þau byrja í grunnskólanum og áfram a.m.k. fyrsta ár grunnskólans.
- að efla tengsl og virkja foreldra skólabarna í flutningi milli skólastiga.
- að efla tengsl starfsfólks skólanna.
- að skapa samhengi í hugmyndafræði, kennslufræði og í skipulagi skólanna, byrja á því að samræma lestrarumhverfi í leikskólunum þremur (bernskulæsi) og samræma það Byrjendalæsi í grunnskólanum.

### 2.1 A hluti – Hefðbundið samstarf

Samstarf leikskólanna Flúða, Pálmholts, Lundarsels og Lundarskóla var í fyrstu fremur óformlegt og takmarkaðist við að vera nær eingöngu heimsóknir elstu barna leikskólanna í grunnskólann. Þá gekk oft erfiðlega að finna tíma til þessa samstarfs. Nýir kennarar tóku við 1. bekk í Lundarskóla árlega og er það ein ástæða þess að ekki varð meiri festa í samstarfinu. Eftir að deildarstjóri yngri deildar í Lundarskóla tók við sem tengiliður við leikskólana haustið 2007 komst góð kjölfesta á samstarfið. Þá var hafist handa um gerð sérstakrar áætlunar um samstarfið sem hefur verið að þróast og eru alltaf að bætast við skemmtileg samstarfsverkefni og samstarfið sannarlega að eflast. Í dag er það mjög öflugt og markvisst auk þess sem það hefur þróast á þann veg að 6. bekkur í Lundarskóla tekur þátt í því með lestrarheimsóknum í leikskólana. Innan Lundarskóla hefur þessi vinna svo þróast þannig að leikskólabörnin eiga sér „vin“ þegar þau koma í 1. bekk og sá vinur fylgir barninu áfram.

Samstarfshópur skólanna hittist reglulega yfir vetrarmánuðina, skv. áætlun er gert ráð fyrir fimm skiptum yfir veturinn. Á þessum fundum eru einn til tveir fulltrúar frá hverjum skóla og ræða þeir ýmis málefni sem varða skólana, fara yfir samstarfsáætlunina og ræða faglegt starf skólanna. Nokkrum sinnum er gert ráð fyrir sérstökum fagfundum þar sem fundarmenn deila með sér faglegu lesefni og upplifun sinni af lestri þess. Þessum fundum hefur fjölgað eftir því

sem samstarfsáætlunin festist betur í sessi. Þarna verða miklar og skemmtilegar umræður sem brúar sannarlega bilið hjá þessum starfsstéttum. Til dæmis var bók Jóhönnu Einarsdóttur: *Lítil börn með skólatöskur* lesin auk greinar úr Netlu. Fyrirhugað er að lesa valda kafla úr bók Gerðar Óskarsdóttur *Skil milli skólastiga*. Þetta faglega samstarf hefur leitt til enn meiri áhuga á frekara samstarfi og þannig varð þróunarverkefnið *Leikum og lærum saman* til. Mikill áhugi er meðal hóps starfsmanna allra skólanna að festa samstarfsáætlunina enn betur í sessi og gera enn betur.

Frá því að samstarfsáætlun skólanna tók gildi hefur hún verið endurskoðuð og eflað árlega og reynt að sníða samstarfinu stakk eftir vexti. Samstarfsáætlunin er birt á heimasíðum allra skólanna.

Í samstarfsáætlun skólanna segir:

*„Lög um leik- og grunnskóla, Aðalnámskrár og Skólastefna Akureyrarbæjar leggja áherslu á mikilvægi samfellu í uppeldi og menntun. Í Aðalnámskrá leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla sem komu út 2011 er lögð áhersla á að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Til að svo geti orðið er því afar mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er átt við að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla segir ennfremur: Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Einnig segir í Aðalnámskrám beggja skólastiganna : Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hver annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Samstarfsáætlun Flúða, Lundarsels, Lundarskóla og Pálmholts byggir á þessum áherslum og er mikill áhugi og vilji innan skólanna að ná þeim markmiðum sem fram koma hér að ofan og fylgja samstarfsáætluninni sem eru leiðir að markmiðunum. Til að efla samfelluna má nýta enn frekar þá hugmyndafræði sem liggur að baki einstaklingsmiðuðum starfsháttum sem víða er unnið að í leik- og grunnskólum landsins“.*



Samstarfsáætlunin byggir á því að á haustin kemur 1. bekkur í heimsókn í leikskólana og 6. bekkur fer þangað og les fyrir allar deildir leikskólanna. Fyrsti lesturinn er á Degi íslenskrar tungu, síðan koma nemendur nokkrum sinnum eftir það til að lesa. Í desember býður 1. bekkur elstu börnum leikskólanna á generalprufu á helgileik fyrir litlu jólin.


Eftir áramót heimsækja elstu börn leikskólanna Lundarskóla. Þeir fara í heimsókn í 1. bekk, í íþróttatíma með 1. bekk, heimsækja frístund og 6. bekkur býður þeim á generalprufu fyrir árshátíð. Þegar þau koma í heimsókn í frístund taka nemendur í 6. bekk á móti þeim, kynna skólalóðina fyrir þeim og fara í leiki. Leikskólar sem eru með atriði á vorhátíð bjóða 1. bekk á generalprufu á sinni hátíð. Elstu börnin á leikskólunum skilja eftir hlut á leikskólunum sem þeir sækja haustið eftir. Í maí heimsækja nemendur í 6. bekk leikskólana, við þetta tækifæri eru nemendur þessara árganga paraðir saman þannig að til verða „vinapör“.



Í lok skólaárs er reynt að koma því við að tilvonandi kennarar 1. bekkjar heimsæki elstu nemendur leikskólanna. Tilgangurinn með því er að börnin sjái kennarana, að kennararnir hitti nemendur og sjái umhverfi þeirra í leikskólunum. Tilvonandi kennarar 1. bekkjar segja frá reglum sem gilda í Lundarskóla.

### 2.1.1 Mat

Eftir hvern samstarfsviðburð fá öll börn sem tóku þátt að meta hvernig þeim líkaði. Það kemur fyrir að ekki næst að meta vegna anna í skólunum en oftast næst það. Þetta mat er notað þegar samstarfsaðilar hittast að vori við endurskoðun samstarfsáætlunar komandi skólaárs. Heildarniðurstaða úr öllum könnunum sem gerðar voru á hefðbundnum samstarfsviðburðum sem gerðar voru meðan þróunarverkefninu stóð sýnir að mikill meirihluti barna eru ánægð eða í 88% merkja börn við ánægð/ur. Aðeins í 2% tilfella merkja börn við óánægð/ur og oftast voru ástæðurnar feimni eða leiðinlegt þegar viðburði lauk.



Heildarniðurstaða kannana til barna eftir samstarfsviðburði

## 2.2 B hluti - Þemaverkefni

Eins og áður hefur komið fram var samstarf skólanna orðið mjög fjölbreytt og gott (eins og fram hefur komið í A hluta) en samstarf milli skólastiga er ekki sama og samfella. Mikill áhugi var meðal kennara og stjórenda á að gera enn betur og reyna að finna leiðir sem tryggja aukna samfellu. Ákveðið var að vinna þrjú þemaverkefni alls á 20 mánaða tímabili. Það voru tvö þemaverkefni á skólavetri sem skólarnir ynnu bæði hver í sínu lagi og saman. Í fyrra verkefninu var lagt upp með að skólarnir ynnu mesta vinnuna í sínum skólum en að einhverju leyti saman. Í síðara verkefninu var lagt upp með að mikil samvinna færi fram, bæði meðal kennaranna og barnanna. Þriðja þemaverkefnið var endurtekning á því fyrsta en með nýjum barnahópi. Búkolla var tekin fyrir í þemaverkefni 1, saga Jóns Sveinssonar (Nonna) *Á Skipalóni* í þemaverkefni 2 og sögurnar af Bakkabræðrum í þemaverkefni 3.



Verkefnahópur var myndaður til að halda utan um þessa þemavinnu. Einn kennari (tengiliður) úr hverjum skóla sat í hópnum sem fundaði reglulega. Í upphaf verkefnis voru í verkefnahópnum Hólmfríður Björk Pétursdóttir - Lundarseli, Helen Ármannsdóttir – Pálmholti, Helga María Harðardóttir – Flúðum og Margrét Rún Karlsdóttir – Lundarskóla. Það urðu breytingar í hópnum eftir því sem á leið. Helen fór á önnur mið og við tók Ólöf Pálmadóttir. Einnig bættist Lovísa Björk Kristjánsdóttir í hópinn haustið 2012 þar sem hún var kennari í 1. bekk en Margrét orðinn kennari í 2. bekk. Margrét hélt þó áfram í hópnum. Hólmfríður Björk var verkefnisstjóri og ábyrgðarmaður verkefnisins. Þóra Rósa Geirsdóttir hjá Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri var ráðgjafi verkefnisins og kom hún m.a. á fundi með verkefnahópnum.

Í stýrihóp voru aðilar úr stjórn skólanna. Í upphafi voru skólarnir fjórir og því voru meðlimir í stýrihóp það einnig. Þeir voru: Björg Sigurvinsdóttir leikskólastjóri í Lundarseli, Hugrún Sigmundsdóttir leikskólastjóri á Pálmholti, Sigríður Ósk Jónasdóttir leikskólastjóri á Flúðum og Þorgerður Sigurðardóttir deildarstjóri/skólastjóri í Lundarskóla. Það urðu hins vegar ýmsar breytingar á meðan þróunarverkefninu stóð. Pálmholt og Flúðir sameinuðust og urðu Pálmholt. Þá fækkaði meðlimum stýrihóps í þrjá og Hildur Óladóttir tók við af Hugrúnu og Sigríði.

Það ferli sem á sér stað þegar börnin eru að klára leikskólann og flytja yfir í grunnskóla snertir foreldrana ekki síður en börnin. Þeir vilja börnunum fyrir bestu en þetta getur verið óvissutími fyrir þá líka og þeir geta haft áhyggjur. Foreldrar þekkja börnin sín best og vita hvað þau hafa áhuga á og geta. Því þótti mikilvægt að raddir þeirra heyrðust og foreldrar gætu komið með hugmyndir og athugasemdir meðan á þróunarverkefninu stæði. Foreldrahópur var því myndaður og tók þátt í uppbyggingu verkefnisins og mati. Lagt var upp með að fá a.m.k. eitt foreldri frá hverjum skóla en vegna þess hve foreldrar voru áhugasamir urðu þeir fleiri. Í foreldrahópi voru Þorberg – Lundarseli, Kristín, Eyrún og Dagný – Pálmholti, Þórdís – Flúðum og Laufey – Lundarskóla.

### **2.2.1 Framkvæmd**

Í upphafi þróunarverkefnisins var gerð verkáætlun. Sú áætlun stóðst að mestu. Þó eru tvö atriði sem ekki stóðust. Í áætlun verkefnisins var áætlað að verkefnastjóri myndi funda reglulega með stýrihóp en þeir fundir féllu niður. Stýrihópur og verkefnahópur hittust þó reglulega og eins

voru tölvupóstsamskipti milli verkefnastjóra og stýrihóps. Jafnframt var áætlað að fá Jóhönnu Einarsdóttur til að halda fyrirlestur fyrir kennara leikskólanna og kennara yngsta stigs grunnskólans um samfellu milli skólastiganna en vegna anna hjá Jóhönnu náðist það ekki. Verkefnahópur fór því á leit við Halldóru Haraldsdóttur að halda fyrirlestur um samfellu í læsiskennslu á mótum leik- og grunnskóla fyrir kennara samstarfsskólanna. Vegna anna náðist ekki að halda fyrirlesturinn fyrir lok verkefnis en það er fyrirhugað að halda hann í mars. Aðrir kennarar verða einnig velkomnir á þennan fyrirlestur.

Verkefnahópur hefur fundað 14 sinnum síðan verkefnið hófst. Að auki fundaði hópurinn tvisvar sinnum með öllum kennurum elstu barna leikskólanna og 1. bekkjar ásamt Elínborgu tónmenntakennara í Lundarskóla við undirbúning á *Nonna* þemaverkefninu. Fundir verkefnahóps voru m.a. notaðir til að undirbúa þemavinnuna, skipuleggja sameiginlega kynningu á Bernsku- og Byrjendalæsi og meta starfið. Verkefnastjóri sá um að gera fundargerðir og senda til Þóru Rósu ráðgjafa verkefnisins frá HA, á verkefnahóp og einnig á foreldrahóp. Hver tengiliður í verkefnahópnum sá um að hafa fundargerðirnar aðgengilegar í sínum skóla.

Á haustkynningarfundum hvers skóla árin 2011 og 2012 var verkefnið kynnt fyrir foreldrum. Foreldrum var einnig sent bréf reglulega yfir tímabilið þar sem þemaverkefnið voru kynnt stuttlega og þeim var boðið að taka þátt í þemaverkefninum. Kannanir voru líka sendar á foreldra, bæði eftir þemaverkefni tvö og þrjú. Eftir þemaverkefni eitt var foreldrahópurinn boðaður á fund þar sem óformlegt mat fór fram. Við lok þróunarverkefnisins var foreldrahópur einnig beðinn um að svara könnun.

Eitt af markmiðum þróunarverkefnisins var að skapa samhengi í hugmyndafræði, kennslufræði og í skipulagi skólanna, byrja á því að samræma lestrarumhverfi í leikskólunum þremur (bernskulæsi) og samræma það Byrjendalæsi í grunnskólanum. Ein leið sem farin var í að mæta þessu markmiði var að halda kynningu á sameiginlegum starfsdegi í september 2011. Hún var haldin í sal Lundarskóla. Kynningin var fyrir alla starfsmenn leikskólanna þriggja og alla kennara yngsta stigs Lundarskóla. Tveir kennarar í Flúðum héldu kynningu á Bernskulæsi fyrir allt starfsfólk hinna leikskólanna og alla grunnskólakennara á yngsta stigi. Tveir kennarar í Lundarskóla héldu svo kynningu á Byrjendalæsi fyrir allt starfsfólk leikskólanna þriggja.



### 2.2.2 Þemaverkefni

Þemaverkefni voru þrjú talsins. Í upphafi var ákveðið að unnið yrði með þjóðsögur sem tengjast nágrenni Akureyrar og það yrðu verkefnahópur ásamt aðilum í foreldrahópi sem myndu ákveða hvaða sögur eða bækur yrðu fyrir valinu. Það var mikill áhugi á að börnin fengju að taka þátt í valinu en þar sem þau voru um 100 talsins og í fjórum mismunandi skólum þótti það erfitt í framkvæmd. Verkefnahópur ákvað strax í byrjun að þemaverkefni eitt yrði unnið að mestu í hverjum skóla fyrir sig í anda Bernsku- og Byrjendalæsis en svo yrði sameiginleg sýning í sal Lundarskóla þar sem hver skóli myndi sýna afrakstur vinnu sinnar. Ástæða þessarar ákvörðunar var sú að best væri fyrir börnin að samvinnan færi hægt af stað til þess að börnin gætu áttað sig á nýjum aðstæðum og vinnubrögðum. Í þemaverkefni tvö var ákveðið að vinna meira saman, bæði börn og kennarar og kynnast þannig vinnu hvers annars. Þemaverkefni þrjú var eins og fyrsta þemaverkefnið. Foreldrum var boðið að taka þátt í öllum þemaverkefnunum á einhvern hátt. Mat var lagt fyrir börnin eftir að hverju þemaverkefni lauk.

### 2.2.2.1 Búkolla - Þemaverkefni 1

Ákveðið var, í samráði við foreldrahóp, að allir skólarnir myndu vinna með söguna um Búkollu. Hver skóli vann með söguna á sinn hátt en svo hittust öll börnin og kennarar á sameiginlegri sýningu í sal Lundarskóla þar sem hver skóli sýndu sín verk. Ákveðið var líka að syngja nokkur lög saman á sýningunni.



**Flúðir** vann með þemað um Búkollu í anda bernskulæsis. Undirbúningi var þannig háttað að sagan var bæði lesin og hún sögð börnunum. Það var unnið með atburðarás, hugtök og orð og rýndum vel í söguna. Sum börnin kunnu hana mjög vel fyrir en önnur ekki. Þegar börnin höfðu öll lært söguna þá fórum við að undirbúa leikrit. Elsti börnin voru öll mjög áhugasöm, þau komust að samkomulagi um hlutverkaskipti og voru fljót að læra sín hlutverk ásamt því að ein stúlka í hópnum var sögumaður. Æfingar gengu mjög vel og tóku ekki nema eina viku að fá leikþáttinn fullgerðan. Börnin stigu á svið á sameiginlegri samkomu 1. bekkjar í Lundarskóla og leikskólanna Lundarsels, Pálmholts of Flúða. Leikritið um Búkollu tókst mjög vel. Það var gaman fyrir börnin að sjá atriðin og listaverkin frá hinum skólunum og að hitta vini sína sem voru nú komin í 1. bekk í Lundarskóla.



**Lundarsel** vann með söguna af Búkollu á afar fjölbreyttan hátt. Heimspeki með börnum var að sjálfsögðu grunnur vinnunnar og skráning frá samtölum var gerð og til sýnis á sameiginlegu sýningunni í Lundarskóla. Út frá sögunni og samræðum voru líka unnin mörg önnur verkefni. Börnin skoðuðu ýmis lykilorð í sögunni og æfðu sig í ritun. Börnin unnu líka sögukort þar sem þau unnu með endursögn á sögunni. Einnig unnu þau ýmis listaverk tengd Búkollu m.a. gerðu þau Búkollu, drenginn, skessurnar tvær og nautið. Til þess að hafa þau sem raunverulegust notuðu þau sína eigin líkama til að teikna eftir og jafnframt þurftu þau að ákveða hvaða barn ætti að nota fyrir hvaða persónu eftir stærð. Þar reyndi á rökhugsun og stærðfræði. Öll listaverk og skráningar voru til sýnis á sýningardegi en eftir sýningu voru þau til sýnis í leikskólanum.





**Lundarskóli** vann með söguna eftir aðferðum byrjendalæsis og áhersla lögð á tal, hlustun, lestur og ritun. Lagðir voru inn tveir bókstafir þar sem bæði hljóð þeirra og stafdráttur var kenndur. Einnig var unnið með orðaforða sögunnar í gegnum leik, söng, lestur og ritun. Nemendur gerður sér grímur og bekkurinn myndskreytti í sameiningu söguna sem var til sýnis á sameiginlegri sýningu allra skólanna. Nemendurnir sungu einnig á sýningunni.



Á **Pálmholti** var Búkollusaga lesin og spjallað um hana. Einnig varð til umræða um ýmis form á sögum, svo sem ævintýri, þjóðsögur og raunveruleikasögur. Það var umræða og vangaveltur um hvernig þjóðsögur geymast og breytast í árana rás og fleiri útgáfur af Búkollusögu voru lesnar. Einnig urðu umræður um hversu miklu kýrin skipti heimilin fyrr á árum og farin var skoðunarferð í mjólkursamlagið. Börnin bjuggu til persónur úr sögunni úr tröllaleir og umhverfi sögunnar máluðu þau á pappaspjald. Þetta var til sýnis á sýningunni ásamt því að börnin æfðu

Búkollulagið: *Ég tók eitt hár úr hala þínum og sungu. Út frá umræðum um þjóðsögur og ævintýri bjó barnahópurinn til sitt eigið ævintýri og var búin til bók sem börnin myndskreyttu sjálf.*



Verkefninu lauk með sameiginlegri sýningu í Lundarskóla og voru foreldrar fræddir um verkefnið og boðnir velkomnir á sýninguna í bréfi.

### **2.2.2.2 Nonni, Á Skipalóni - Þemaverkefni 2**

Annað þemaverkefnið var í mars 2012. Þá var sagan af Nonna Á Skipalóni lögð til grundvallar. Börnin unnu með söguna í sínum skóla en einnig í blönduðum hópum í Lundarskóla. Í hverjum skóla var búin að lesa söguna fyrir börnin og ræða um hana til að börnin þekktu hana. Börnin hittust svo þrjá föstudaga (2., 9. og 16. mars) og unnu ýmis verkefni saman í stöðvavinnu: smíða hús (Skipalón), þæfa ísbirni, spila tónlist, búa til spil, baka lummur og skoða Nonna kassann frá Minjasafninu. Hver hópur fór á tvær stöðvar hvern föstudag þannig að í lokin voru öll börnin búin að fara á allar stöðvarnar. Stöðvavinnan gekk vel að mati kennara, verkefni höfðuðu vel til barnanna ef dómur er dreginn að brosum þeirra sem voru auðfundin þessa daga. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið í bréfi og einnig boðnir velkomnir að koma og fylgjast með börnunum að

verki ásamt áminningu í tölvupósti. Afrakstur vinnu barnanna í smíðum og myndmennt/handavinnu, ísbjörninn og Skipalón, var svo hengdur upp í Kristjáns bakarí, Samkaup-Úrval við Hrísalund og í KA heimilinu áður en að börnin fengu að taka hann með heim.







### **2.2.2.3 Bakkabræður - Þemaverkefni 3**

Síðasta þemaverkefnið í þessu þróunarverkefni var svipað því fyrsta þar sem nýtt skólaár var byrjað og ný börn komin til sögunnar. Hver skóli vann með söguna á sinn hátt en svo hittust öll börnin og kennarar á sameiginlegri sýningu í sal Lundarskóla þar sem hver skóli sýndu sín verk. Ákveðið var líka að syngja nokkur lög saman á sýningunni. Foreldrar voru upplýstir um verkefnið og boðnir velkomnir á sýninguna í bréfi ásamt því að börnin gerðu boðsmíða til foreldra sinna.

**Lundarsel** vann með söguna um Bakkabræður á afar fjölbreyttan hátt. Heimspæki með börnum var að sjálfsögðu grunnur vinnunnar og skráning frá samtölum var gerð og til sýnis á sameiginlegu sýningunni í Lundarskóla. Hver hópur vann með eina sögu í heimspækivinnunni. Börnin fengu síðan val um hvað þau vildu gera á sýningunni. Mörg völdu það að leika og voru nokkrir brandarar um Bakkabræður búnir til. Æfingar gengu vel og tókst sýningin með ágætum. Auglýst var eftir búningum fyrir Bakkabræður og komu börnin með ýmist að heiman. Hin börnin völdu að myndskeyta söguna eða leira þá Gísla, Eirík eða Helga. Þessi verk voru líka til sýnis á sameiginlegri sýningu og á deildinni að sýningu lokinni.



**Lundarskóli** vann með margar sögur af Bakkabræðrum og notuðu þær til að leggja inn tvo stafi, vinna með lykilorð o.fl. í anda Byrjendalæsis. Nemendur völdu sér einnig sögu til að teikna mynd við. Kennari samdi söngtexta um Bakkabræður sem nemendur æfðu aðstoð bekkjarkennurum og tónmenntakennara. Þessi bragur var svo fluttur á sameiginlegu sýningunni.



**Pálmholt efra** vann einnig með söguna á fjölbreyttan hátt. Byrjað var á að lesa nokkrar Bakkabræðrasögur fyrir börnin og síðan var sett af stað kosning hvað sögu börnin vildu vinna með. Einnig fengu börnin að kjósa um hvernig þau vildu vinna með söguna, kennarar komu með nokkrar uppástungur sem börnin völdu síðan á milli. Niðurstaðan úr þessu varð sú að unnið var með söguna þegar Bakkabræður hlóðu yfir hestinn sinn, hana Brúnku, og sett upp leikrit. Sagan var lesin vel fyrir barnahópin og rætt um orð sem börnin skildu ekki. Allir fengu hlutverk, nokkur sett voru af Bakkabræðrum og nokkrar Brúnkur. Hlutverk voru valin með því að hvert barn dró sér miða með hlutverki á. Þar sem tíminn var ekki mikill var ákveðið að gera einfalda búninga þar sem allir bræðurnir fengu höfðuföt og allir í hlutverki Brúnku fengu grímur.

Til að greina bræðurna í sundur og til að tengja betur við vinnu Bernskulæsi klipptu börnin út upphafsstaf síns hlutverks og festu á grímur eða höfuðföt. Afraksturinn var síðan sýndur á sameiginlegri sýningu þar sem börnin fengu góða þjálfun í að koma fram fyrir fram hóp af fólki.



**Pálmholt neðra** hafði val um hvaða Bakkabræðra sögu yrði tekin fyrir, eins og aðrir skólar. Á Flúðum var ákveðið að vinna sérstaklega með söguna um þegar bræðurnir voru á ferðalagi og flæktu fætur sína saman í laug og þegar þeir bræður báru birtu inn í hús sitt. Kennararnir voru fljótir að læra sögurnar og sögðu börnunum þær frá eigin brjósti. Eftir að börnin höfðu lært þær þá var ákveðið að skipta elstu börnunum í tvö hópa og æfa tvö leikrit út frá sitt hvorri sögunni. En eftir nokkrar leiklistaræfingar ákvað barnahópurinn í samráði við kennara að halda áfram að æfa leikþáttinn um þegar bræðurnir flæktu fætur sínar í laug. Æfingar gengu vel, börnin komu með lopaföt að heiman og það var tilhlökkun í barnahópnum að stíga á svið í Lundarskóla. Sýningin gekk vel og börnin voru þolinmóð að bíða eftir að það kæmi að þeim að sýna. Á þessa sameiginlegu sýningu Leikum og lærum voru mun fleiri foreldrar komnir frá okkar skóla sem var afar ánægjulegt að sjá.



### 2.2.3 Mat

Hlutverk mats er að bæta skólastarfið, gera kennslu og nám skilvirkara og mæta þannig betur kröfum skólasamfélagsins. Í þróunarverkefninu *Leikum og lærum saman* var áherslan með mati að kanna hvort það skilaði ánægðari og öruggari börnum við grunnskólabyrjun og hvort ástæða þætti á að halda þessari samvinnu áfram. Niðurstöðurnar voru notaðar sem ábendingar um það sem vel tókst í starfinu og um það sem betur mátti fara.

Gerðar voru ýmsar kannanir yfir verkefnatímamann. Börnin svöruðu könnunum er tengdust þemaverkefnunum og samstarfsviðburðum ásamt könnunum varðandi líðan, annars vegar í leikskólanum og hins vegar í grunnskólanum þegar þangað var komið. Kennarar svöruðu könnunum eftir öll þemaverkefni ásamt könnun um markmið þróunarverkefnisins í heild. Foreldrar svöruðu könnunum eftir hvert þemaverkefni. Að lokum var send könnun til kennara, stjórnenda og foreldra varðandi mikilvægi þætti í því að skapa samfellu milli skólastiga. Í köflunum hér á eftir má sjá niðurstöður þessara kannana.

#### 2.2.3.1 Börnin

##### Könnun um líðan

Notast var við spurningalista við mat á líðan barna í tengslum við flutning á milli skólastiga og gátu börnin merkt við:

- ☺ sem þýddi *vel eða já*
- ☹ sem þýddi *hlutlaus, bæði vel og illa eða já og nei*
- ☹ sem þýddi *illa eða nei*

Spurningalisti var lagður fyrir börn fædd 2005 í leikskólanum í maí/júní 2011 og svo aftur til sömu barna í 1. bekk í nóvember 2011. Þetta ferli var svo endurtekið í maí/júní og nóvember 2012 fyrir börn fædd 2006 til að hafa samanburð. Leitast var við að varpa ljósi á hvort börnum fæddum 2006 leið eða gekk betur heldur en börnum fæddum 2005, eftir aukið samstarf skólastiga á milli. Samstarf milli skólastiga var þó einnig viðamikil hjá börnum fæddum 2005, eina sem bættist við í samstarfinu ári síðar voru þemaverkefni.

Í spurningalista til leikskólubarna var spurt um árangur, líðan, tilhlökkun til grunnskólabyrjunar, kvíða og vináttu. Í spurningarlista til grunnskólubarna var spurt um árangur, líðan, tilhlökkun og/eða kvíða fyrir skóladeginum og vináttu ásamt því hvort grunnskólinn hafi staðist væntingar barnanna og hvort þau hefðu verið nægilega undirbúin undir grunnskólann. Verkefnastjóri lagði

könnunina fyrir og útskýrði spurningarnar fyrir hverju barni. Einnig voru börnin beðin um að teikna myndir af leik- og grunnskóla en það náðist ekki að vinna frekar úr þeim að þessu sinni.

Í ljós koma að yfir 95% barna leið vel eða nokkuð vel bæði skólaárin (2011 og 2012) í leikskólanum og árið 2012 leið engum nemenda illa en það hafði verið í 4% árið 2011. Árið 2012 áttu öll leikskólabörnin vin en það hafði verið 92% árið 2011. Eins gekk engum illa í leikskólanum árið 2012 en 4% barna töldu sér ganga illa ári áður. Yfir 90 % barna hlakkaði til að byrja í grunnskólanum bæði árin.

Í grunnskólanum töldu einnig allir nemendur sér ganga vel eða nokkuð vel bæði árin og allir áttu vin. Árið 2011 merktu 8% nemenda við að þeir hlakkaði ekki til að fara í skólann og 29% kveidd fyrir að fara í skólann en ári síðar var enginn í þeim hópi. Eins voru 13% nemenda sem merktu við að grunnskólinn hefði ekki verið eins og þeir bjuggust við árið 2011 en það var komið niður í 0% árið 2012 og 3% fleiri töldu sig hafa komið vel undirbúin undir grunnskólann árið 2012 en þó töldu öll börnin sig hafa komið vel eða nokkuð vel undirbúin undir grunnskólann bæði árin.

Varðandi líðan nemenda í leik- og grunnskóla sýndu niðurstöður að færri börnum leið vel í leikskólanum seinna árið eða 11%. Seinna árið var þó enginn í flokki þeirra sem leið illa. Niðurstöður snérust við í grunnskólanum en 11% fleiri nemendur leið vel árið 2012. Ef litið er á börn fædd 2005 þá leið 88% þeirra vel í leikskóla og 83% þeirra vel í grunnskólanum. Hins vegar leið aðeins 77% barna fædd 2006 vel í leikskólanum en 94% þeirra í grunnskólanum.








Nemendur sem kviðu fyrir að byrja í grunnskólanum 2011 fækkaði úr 20% niður í 10 % ári síðar ásamt því að þeir sem kviðu fyrir að einhverju leyti fækkaði um 3%. 1. bekkingar sem kviðu fyrir að mæta í grunnskólann voru 29% 2011 en 0% árið 2012. Það voru sem sagt 36% leikskólabarna sem kviðu að einhverju leyti fyrir því að byrja í grunnskóla árið 2011 en 23% árið 2012. Einnig voru 42% 1. bekkinga sem kviðu að einhverju leyti fyrir því að mæta í grunnskólann árið 2011 en 24% ári síðar.



**Könnun var lögð fyrir öll börn skólanna eftir hvert þemaverkefni.** Könnunin var eins uppbyggð og kannanir sem lagðar hafa verið fyrir börnin eftir samstarfsviðburði. Börnin gátu merkt við 😊 sem þýddi vel eða já, 😐 hlutlaus, bæði vel og illa eða ☹️ já og nei og ☹️ fyrir illa eða nei. Í öll þrjú skiptin voru börnin spurð að því hvernig þeim fannst þemaverkefnið hafa gengið, þ.e. hvernig fannst þeim að taka þátt í verkefnunum? Niðurstöður voru þær að yfir 82% barna voru mjög ánægð með verkefnin þrjú. Í fyrsta og öðru þemaverkefninu voru 13% barna hlutlaus en 17% barna í þriðja þemaverkefninu. Óánægð börn voru fæst í þriðja þemaverkefninu aðeins 2% en 3-4% í hinum tveimur verkefnunum.



Í öllum könnunum gafst börnum einnig færi á að koma með athugasemdir og í langflestum tilfellum var allt skemmtilegt. Ef börnin voru hlutlaus eða óánægð voru ástæður á borð við: það var erfitt þegar foreldrar fóru, feimni að koma fram, hávaði á sýningu og erfitt að sitja lengi eða bíða.

**Læsissskimanir** eru lagðar fyrir nemendur í 1. og 2. bekk. Í hvorum bekk er ein skimun á haustönn og tvær skimanir á vorönn. Til að meta hvort aukið samstarf milli skólastiga skilaði sér í bættum árangri barna í lestrarnámi var ákveðið að skoða niðurstöður úr fyrstu læsissskimun í 1. bekk. Niðurstöður frá síðastliðnum þremur árum voru fengnar, þ.e. frá árunum 2010, 2011 og 2012. Meðaltal var reiknað úr niðurstöðum frá árunum 2010 og 2011 og þær bornar saman við niðurstöður frá árinu 2012, en það er árgangurinn sem hefur upplifað aukið samstarf milli skólastiga. Ef bornar eru saman niðurstöður barna í hverfisleikskólunum má sjá að börnin sem upplifðu aukið samstarf skora hærra en árgangarnir á undan. Munurinn er 11%. Börnin úr hverfisleikskólunum, árin 2010, 2011 og 2012 hafa einnig hærra hlutfall rétttra svara ef þau eru borin saman við börnin sem koma úr öðrum leikskólum. Munurinn er frá 2-4%. Börnin sem komu úr öðrum leikskólunum árið 2012 stóðu sig betur en árgangarnir úr öðrum leikskólum á undan sem nam 9%.

1. bekkur, árg. 2006	
Börn úr hverfisleikskólum	75%
Börn úr öðrum leikskólum	71%

1. bekkur, árg. 2004 og 2005	
Börn úr hverfisleikskólum	64%
Börn úr öðrum leikskólum	62%

Niðurstöður læsissskimana framkvæmt í 1. bekk, meðaltal

### 2.2.3.2 Kennarar

Könnun var send til kennara **eftir öll þemaverkefni**. Tilgangurinn með þessum könnunum var að kanna hvort þeir teldu markmiðum þróunarverkefnisins vera mætt og einnig að fá endurgjöf á framkvæmd verkefnisins sem nýttist við undirbúning og framkvæmd á næstu þemaverkefnum og lokamati.



## Búkolla:

- Alls voru 11 svör sem bárust og voru allir sammála um að vinnan hefði verið í anda Bernsku- og Byrjendalæsis.
- Öllum fannst þemavinnan hafa gengið vel og verið fjölbreytt og skemmtileg bæði fyrir börn og kennara. Það sem betur hefði mátt fara var aukinn tími til undirbúnings, vinnu við þemaverkefnið og á sýningunni. Einnig kom athugasemd um að nemendurnir hefðu mátt vinna meira saman þvert á skóla og að upplýsingar um verkefnið hefðu geta verið betri. Nokkrir minntust á að of langur tími hafi liðið, frá því farið var á sýningu Lilju Báru Þorvaldsdóttur um Búkollu hjá Leikfélagi Akureyrar, þar til vinna með söguna hófst.
- Af þeim 11 sem svöruðu fannst 10 þeirra vinnan ekki auka álag í starfinu en þó voru margir sem tóku fram að hún hefði verið enn betri ef kennarar hefðu fengið meiri tíma til að sinna henni. Vinnan var hluti af starfinu, unnin í hópastarfi í leikskólunum (annað sett á bið á meðan) og í grunnskólanum var unnið með söguna eftir Byrjendalæsi.


## Nonni – Á Skipalóni:




**Bakkabræður** (sumir kennarar voru að taka þátt í sínu þriðja þemaverkefni en aðrir voru nýir):

- Alls voru 6 svör sem bárust (mun færri kennarar sem komu af þessum hóp en árið áður) og voru allir sammála um að það hefði verið unnið í anda Bernsku- og Byrjendalæsis en þó voru nokkrir sem töldu að það hefði mátt gera það betur. Sumir voru að vinna með elstu börnin í fyrsta skipti og töldu það hafa haft áhrif.
- Allir töldu þemavinnuna hafa gengið vel eða ágætlega. Margir töluðu um að sýningin hefði tekist sérstaklega vel. Það kom ein athugasemd að sýningin hefði mátt taka minni tíma og ein um að fjöldi barna hefði sett strik í reikninginn varðandi sýninguna. Eins kom ein athugasemd um að vinnan hefði gengið betur en í fyrsta þemaverkefninu þar sem kennarar hefðu lært af mistökum og bætt um betur t.d. voru foreldrar mun fleiri á þessari sýningu en þeirri fyrstu.
- Flestir töldu vinnuna ekki auka álag á starfið en þó hefði reynt nokkuð á skipulag við þessa vinnu vegna manneklu/veikinda.

Könnun var lögð fyrir kennara eftir þemaverkefni 2 vorið 2012 varðandi hvort **markmiðum þróunarverkefnisins væri náð**. Niðurstöður sýna að allir kennarar eru annað hvort mjög sammála eða sammála um að þemavinnan auðveldi leikskólabörnum flutning yfir í grunnskólann, að börn kynnist innbyrðis og haldi vinatengslum og að þetta sé leið til að efla tengsl kennara skólastiga. Hvað varðar markmiðið að samræma kennsluaðferðir til að skapa aukna samfellu í námi barna er mikill meirihluti kennara sammála. Sex kennarar telja að með þemaverkefnunum sé verið að efla tengsl og virkja foreldra skólabarna í flutningi barna milli skólastiga en fjórir eru ósammála.





**Samanburðarathugun kennara grunnskólans** sem kenndu 1. bekk veturinn 2012-2013 og 2009-2010 leiddi í ljós að það væri ekki tiltakanlegur munur á milli þessara árganga hvað varðar líðan, öryggi og námsgetu að þeirra mati. Kennarar töluðu um að samstarf hafi verið mjög gott milli leik- og grunnskóla þegar 2003 árgangurinn byrjaði í grunnskólanum og því sé þessi munur ekki svo sjáanlegur. Kennararnir telja hins vegar að börnin séu alltaf að koma betur undir skólann búin þegar þau byrja í 1. bekk, ekki síst hvað öryggi varðar sem hefur vissulega áhrif á líðan nemenda.

### 2.2.3.3 Foreldrar

**Óformleg könnun var lögð fyrir foreldrahóp eftir þemaverkefni 1.** Tilgangur með þessari könnun var að fá endurgjöf á framkvæmd verkefnisins til að nota við undirbúning og framkvæmd á næstu þemaverkefnum. Foreldrar voru mjög sáttir við þemaverkefnið í heild sinni en boðið á sýninguna fór fram hjá mörgum þar sem það var í bréfi (feitletrað) sem verkefnastjóri sendi þeim til að fræða þá um gang mála. Ákveðið var að bæta úr þessu fyrir seinni tvær sýningarnar.

**Könnun var send til foreldra eftir þemaverkefni 2 og 3.** Tilgangur með þessum könnunum var að kanna hvort foreldrar teldu að markmiðum þróunarverkefnisins væri mætt og að kanna áhuga og þátttöku foreldra í verkefninu. Niðurstöður úr könnun sem var lögð fyrir foreldra voru


2012 sýndu að um tveir þriðju hluti foreldra þekktu vel eða mjög vel til þróunarverkefnisins en einn þriðji hluti foreldra taldi sig ekki þekkja verkefnið nógu vel. Flestir foreldrar sögðust hafa fengið upplýsingar um verkefnið með bréfi frá skólanum sem sent var til foreldra í gegnum tölvu. Einnig nefndu foreldrar að þeir hefðu fengið upplýsingar um verkefnið í samtölum við kennara og börn ásamt því að lesa upplýsingatöflurnar í leikskólanum. Í þessari könnun kom einnig í ljós að foreldrar sækja sér ekki upplýsingar um verkefnið á heimasíðu skólanna né telja sig ekki hafa fengið kynningu um það á deildar- eða bekkjarfundum. Ríflega helmingur foreldra segist heyra börn sín tala um þróunarverkefnið heima en tæpur helmingur foreldra segist sjaldan eða aldrei heyra börn sín tala um verkefnið heima. Þegar foreldrar eru spurðir um hversu ánægðir þeir eru með þátttöku foreldra segjast lang flestir foreldrar vera ánægðir eða mjög ánægðir með þátttöku foreldra. Í könnuninni koma fram afgerandi niðurstöður varðandi viðhorf foreldra til mikilvægi verkefnis um samstarf leik og grunnskóla. Nær allir foreldrar eða um 95% telja að þróunarverkefnið *Leikum og lærum saman* hafi mjög jákvæð áhrif eða nokkuð jákvæð áhrif að skapa brú á milli skólastiganna úr leikskóla í grunnskóla. Yfir 90% foreldra telja einnig að þróunarverkefnið *Leikum og lærum saman* auki öryggi barna mjög mikið eða mikið við upphaf grunnskólagöngu.

Í könnun sem lögð var fyrir foreldra grunnskólanemenda 1. bekkjar í janúar síðastliðnum (foreldrar barna sem tóku fullan þátt í þróunarverkefninu) kemur fram ánægja þeirra með verkefnið. Sú könnun nær til færri foreldra en könnun vorið 2012. Niðurstöðurnar eru þó sambærilegar og í þeirri könnuninni sem náði bæði til leik- og grunnskólabarnanna í verkefninu. Um 95% foreldra telja að þróunarverkefnið hafi jákvæð áhrif í að skapa brú á milli skólastiganna og 97% foreldra telja að verkefnið auki öryggi barna við upphaf grunnskólagöngu. Einnig kemur fram afgerandi viðhorf foreldra að þeim finnst mikilvægt að vera boðið á sameiginlega viðburði á vegum verkefnisins.

#### **2.2.3.4 Kennarar, stjórnendur og foreldrar**

Könnun sem lögð var fyrir hóp kennara, stjórnenda og foreldra til að sjá hvað hagsmunaaðilar barna teldu mikilvægast í samvinnu skólastiga sýndi að samvinna leik- og grunnskólabarna (sbr. þemaverkefnin) skoraði hæst. Könnunin var send á nokkra aðila í þróunarverkefninu LLS; alla kennara í verkefnahópnum, tvo skólastjóra og alla foreldra í foreldrahópnum. Til samanburðar var könnunin líka send á tvo aðra leikskóla á Akureyri og tvo grunnskóla. Óskað var eftir því að a.m.k. einn stjórnandi svaraði könnuninni, tveir kennarar sem vinna með elstu börnum

leikskólans og yngstu börnum grunnskólans og tveir foreldrar í hverjum skóla. Alls voru 26 sem svöruðu en aðeins 22 kannanir voru taldar gildar. Könnunin var sett upp þannig að þátttakendur áttu að númera frá 1-6 þar sem 6 var mikilvægast (nr. 6 fékk 6 stig, nr. 5 fékk 5 stig o.s.frv.). Í sumum tilfellum var þetta ekki gert en ef það var hægt að lesa úr svörum á nokkuð auðveldan hátt (að mati verkefnahóps) voru þau höfð með en annars var könnunin ógild. Heildarniðurstöður allra sem svöruðu könnuninni má sjá í töflu 1 þar sem samvinna elstu barna leikskólans og 1. bekkinga (sbr. þemaverkefni) skorar hæst. Eitt foreldri skrifar: „mér finnst þemaverkefnið ná öllu fram sem ég myndi vilja sjá í samstarfi milli grunnskóla og leikskóla... Samstarfið styrkir elstu börnin í leikskólanum, fyllir þau öryggiskennd þannig að stökkið frá leikskóla yfir í grunnskóla verður nánast ekki neitt. Mér finnst þetta mjög mikilvægt samstarf og hef góðan samanburð þar sem stökkið var mun meira og erfiðara fyrir eldra barn mitt sem fékk ekki tækifæri að taka þátt í svona frábæru þemaverkefni...“. Þess má geta að heildarniðurstöður svarenda frá LLS hópnum eru þær sömu og heildarniðurstöður allra svarenda þó svo að niðurstöður frá samanburðahópi væru ekki þær sömu.



Tafla 1 – Heildarniðurstöður könnunar til kennara, stjórnenda og foreldra

### 3 Umræða

Kannanir til barna sýna að þau eru almennt mjög ánægð með það samstarf sem skólarnir bjóða uppá. Burtséð frá öðrum árangri er það í sjálfu sér nægur hvati til að halda þessu samstarfi áfram. Einna áhugaverðastar eru niðurstöður úr könnun um líðan barna en hún sýnir að börn fædd 2006 (þau sem tóku þátt í þróunarverkefninu að fullu) leið betur í grunnskólanum en börn fædd 2005. Varðandi líðan barna í leik- og grunnskóla þá sýndu niðurstöður að börn fædd 2005 að 88% þeirra leið vel í leikskóla og 83% þeirra vel í grunnskólanum. Hins vegar leið aðeins 77% barna fædd 2006 vel í leikskólanum en 94% þeirra vel í grunnskólanum. Getur verið að börn fædd 2005 hafi ekki verið nógu vel undirbúin fyrir grunnskólann og því hafi 5% færri liðið vel þar. Getur verið að þau hafi ekki vitað hverju þau áttu von á eða skólinn hafi orðið erfiðari og eða öðruvísi en þau bjuggust við. Hjá börnum fæddum 2006 (þau sem tóku fullan þátt í þróunarverkefninu) voru það 17% fleiri sem leið vel í grunnskólanum en leikskólanum. Getur verið að þau hafi komið betur undirbúin eða væntingar þeirra til grunnskólans staðist? Getur verið að það sé að einhverju leyti þemavinnunni að þakka? Einnig fækkaði börnum verulega sem kveið því að byrja í skóla og jafnframt að mæta í grunnskólann árið 2012 (börn fædd 2006). Það voru 13% færri börn sem kviðu því að byrja í grunnskóla og 18% færri 1. bekinga sem kviðu því að einhverju leyti að mæta í grunnskólann árið 2012. Niðurstöður úr læsissskimunum þykja líka áhugaverðar. Börn úr hverfisleikskólunum fædd 2006 (börnin sem upplifðu aukið samstarf) skora 11% hærra en árgangarnir tveir á undan. Börnin sem komu úr öðrum leikskólunum árið 2012 skoruðu 9% hærra heldur en árgangarnir tveir á undan. Börn úr hverfisleikskólum skora einnig hærra heldur en börn úr öðrum leikskólum. Í samanburðarathugun til kennara grunnskólans kom fram að börn væru alltaf að koma betur og betur undirbúin fyrir skólann en þeir merktu ekki sérstakan mun milli barna í 1. bekk fædd 2006 eða 2003. Bæði það að börn úr hverfisleikskólum og börn úr öðrum leikskólum hækka í læsissskimunum styðja það sjónarmið en börnin úr hverfisskólunum (þau sem tóku þátt í þróunarverkefninu) hækka sig 2% meira en börn úr öðrum leikskólum sem má hugsanlega rekja til þess að með auknu samstarfi komi þau öruggari og betur undirbúin í grunnskólann. Meginmarkmiðið með þróunarverkefninu var einmitt að auðvelda börnum flutning milli leik- og grunnskóla til að stuðla að betri líðan þeirra og námsárangri og þar skipar það góða samstarf milli skólastiganna veigamikinn sess.

Kannanir til kennara sýna einnig almenna ánægju með þemaverkefni. Mikill meirihluti kennara er tilbúinn til að endurtaka þemaverkefni 2 (með annarri sögu) en margir kennarar tóku fram að

Þeim fannst vanta tíma til undirbúnings og samvinnu kennara. Það vildi svo vel til þegar þemaverkefni 2 var framkvæmt þá voru kjöraðstæður til þess. Öll álman þar sem kennslustofur 1. bekkjar voru var á lausu vissa daga í mars (þar var m.a. smíðastofan, heimilisfræðistofan og textílstofan), kennarar þessara barna voru 13 talsins (eru núna 11 og nemendurnir fleiri) og kennarar höfðu eitthvað svigrúm til funda þökk sé styrk frá þróunarverkefninu. Það gæti reynst erfitt að endurtaka þemaverkefni 2 að þessum sökum en vilji er til að finna flöt til að slíkt samstarf geti haldið áfram. Mat kennara á markmiðum sýnir að mjög vel hefur tekist til með að auðvelda flutning barna milli skólastiga og efla tengsl kennara skólastiganna. Einnig gekk vel að ná markmiðum um að börnin í 1. bekk haldi tengslum við sína gömlu vini úr leikskólanum. Markmiðin er varða að samræma kennsluáferðir og að efla tengsl foreldra náðust ekki í jafn sterkum mæli. Það þarf að finna leiðir til þess í áframhaldandi samstarfi því könnun til kennara, stjórenda og foreldra sýnir að einn mikilvægasti þátturinn í að efla samfellu barna milli skólastiga sé að stuðla að öflugri samvinnu kennara skólastiganna. Hugmynd er meðal verkefnahóps að kennurum verði skapað aðstæður til að fá að fylgjast með kennsluháttum hvors annars, þ.e. leikskólakennarar fái að fylgjast með grunnskólakennurum að störfum og öfugt. Þess ber einnig að geta að fyrirlestur frá Halldóru Haraldsdóttur um samfellu milli skólastiga fyrir kennara beggja skólastiganna hefur enn ekki verið haldinn sökum ytri aðstæðna.

Niðurstöður kannananna til foreldra undirstrika viðhorf um mikilvægi þróunarverkefnisins *Leikum og lærum saman*. Foreldrar telja að verkefnið hafi jákvæð áhrif á upphaf grunnskólagöngu barnanna. Helst ber að nefna skipulögð verkefni þar sem elstu nemendur leikskólans vinna með 1. bekk, en þá vinnu telja þeir að auki öryggi elstu nemenda leikskólans við upphaf grunnskólagöngu. Einnig eru foreldrar almennt ánægðir með að vera boðnir á sameiginlega viðburði skólanna sem haldnir eru í Lundarskóla. Markmiðið með þátttöku foreldra leikskólabarna er fyrst og fremst að fá þá til að kynnast lítillaga grunnskólanum og stuðla þannig að því að foreldrar verði öruggari þegar barnið þeirra hefur skólagöngu í grunnskóla. Það er sannarlega mikilvægt að fá þessar jákvæðu niðurtöður um viðhorf foreldra til verkefnisins og sjá að foreldrum finnst samstarfsverkefni og samstarf leik- og grunnskóla skipta miklu máli fyrir börn sem eru að hefja grunnskólagöngu. Niðurstöður kannananna frá foreldrum segja að það sé mikilvægt að halda verkefninu áfram til að bæði elstu börn leikskólans og foreldrar sem eru að fara yfir brúnna úr leikskóla í grunnskóla öðlist aukið öryggi og upphaf nýrrar skólagöngu verði farsæl.

Könnun til kennara, stjórnenda og foreldra þriggja leiksskóla og þriggja grunnskóla eru afar jákvæðar fyrir þróunarverkefnið. Þar skorar samvinna elstu barna leiksskóla og barna í 1. bekk (sbr. þemaverkefni Leikum og lærum saman) hæst. Næst hæst skorar hefðbundin samvinna (heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og 1. bekkina í leikskólann) og að kennarar fundi og vinni saman þvert á skólastig til að þekkja kennsluhætti hvors annars þar á eftir.



## 4 Lokaorð

Þetta samstarf sem komið er á milli skólanna er komið til að vera. Hefðbundna samstarfið (heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann og 1. bekkinga í leikskólann) hefur verið fest í sessi. Við í verkefnahópi áttum von á því að þemaverkefnið yrðu skemmtileg viðbót en þau reyndust meira en það. Það er mikill vilji meðal okkar í verkefnahópi svo og stýrihópi að halda þeim áfram. Hugsanlega þarf að aðlaga þau að aðstæðum hverju sinni en þau eru komin til að vera. Svo við endum á því að vitna í orð foreldris „mér finnst þemaverkefnið ná öllu fram sem ég myndi vilja sjá í samstarfi milli grunnskóla og leikskóla“. Leikskólabörnin kynnast húsnaði grunnskólans, kynnast kennsluháttum sem þar ríkja, kynnast kennurum og öðru starfsfólki sem þar starfa, vinna skemmtileg verkefni í grunnskólanum og hitta önnur börn þ.m.t. gamla vini úr leikskólanum. Þessi vinna undirbýr þau fyrir grunnskólann, stuðlar að öryggi og skapar jákvæða sýn á grunnskólann. Við fórum af stað með þróunarverkefnið með það að leiðarljósi að grunnskólabyrjun allra barna verði ánægjuleg og skemmtileg. Við viljum ekki að börnin séu kvíðin eða líði illa, umskiptin mega vera krefjandi en ekki um of. Við teljum að við höfum lagt okkar að mörkum í því að skapa aukna samfellu milli skólastiga en að sama skapi höldum við í framtíðina með opnum hug, tilbúin að gera enn betur.

Afraksturinn og niðurstöður mats verða kynntar fyrir foreldrum allra skólanna og lokaskýrslan verður birt á heimasíðum skólanna. Einnig verða tvær málstofur á vorráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar 2013, *Skóli og nærsamfélag, að verða þorpið sem elur upp barnið*. Þar munu Þorgerður og Björg kynna hefðbundna samstarfið og Hólmfríður og Margrét munu kynna vinnuna með þemaverkefnið.

F.h. stýri- og verkefnahóps  
Hólmfríður Björk Pétursdóttir